

Alþingi
Erindi nr. P 139/232/
komudagur 6.5.2011



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræði 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 6. maí 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda (viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir), 710. mál.

Samtök iðnaðarins vilja kom á framfæri athugasemdum vegna ofangreinds frumvarps. Samtökin styðja þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu og hvetja til þess að það verði að lögum sem fyrst.

Ísland hefur verið formlegur aðili að viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir í nokkur ár en þátttakan hefur ekki verið virk. Með lagabreytingum sem hér eru lagðar til verður mikil breyting og þátttaka Íslands verður virk fyrir flugrekstur og nokkur stærri iðnfyrirtæki. Mjög miklir hagsmunir eru í húfi fyrir þessa aðila að framkvæmdin gangi snurðulaust fyrir sig. Til að það sé mögulegt þarf lagaumgjörðin að vera til staðar.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með viðskiptakerfi ESB héraðs. Starfsmenn stofnunarinnar hafa kynnt málin þeim fyrirtækjum sem sækja munu um heimildir og hafið undirbúning að rekstri kerfisins. Ferlið er markað tilteknum tímafrestum varðandi upplýsingaskil sem þarf að standa við eigi íslensk fyrirtæki að geta sótt um losunarheimildir. Tímafrestir eru þeir sömu fyrir öll aðildarríkin og mikilvægar dagsetningar eru nú á sumarmánuðum. Til að Umhverfisstofnun geti sinnt skyldum sínum þarf lagaheimild hennar að vera skýr. Nú þegar hafa orðið tafir á innleiðingu og eðli málsins vegna þolir það ekki lengur bið. Þess vegna er mikilvægt að frumvarp þetta nái að fram að ganga hratt og örugglega.

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Bryndis Skúladóttir', written in a cursive style.

Bryndis Skúladóttir,
forstöðumaður umhverfismála